| Tillögur | Skýring | Tímarammi: | Deild/svið: | Ábyrgðarmaður: | Ath/niðurstaða: |
|---|---|---|---|---|---|
| 18. VIÐHALD Á FÉLAGSLEGU LEIGUHÚSNÆÐI | Lagt er til að umsjónarmaður fasteigna annist umsjón með félagslegu leiguhúsnæði eins og öðru húsnæði hjá bæjarfélaginu. | Komið í framkvæmd | F&U og Fjöl | Bæjarverkfr/félagsmálastj. | |
| 11. AKSTURSÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐ FÓLK OG ALDRAÐA | Lagt er til að settar verði reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða. | Komið í framkvæmd | Fjöl | Félagsmálastjóri | Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks eru til.hér ætti því að standa reglur um akstursþjónustu eldri borgara |
| 12. AKSTURSÞJÓNUSTA FYRIR FATLAÐA | Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að hafa annan hátt á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk en nú er. | Júní/júlí 2020 | Fjöl | Bæjarstjórn hefur samþykkt að fara í sameiginlegt útboð með Rek,Mos,Sel | Undirbúningur útboðs akstursþjónustu fatlaðs fólks er í gangi |
| 13. UMSJÓN MEÐ AKSTURSÞJÓNUSTU | Lagt er til að umsjón með akstursþjónustu færist til þeirra starfsmanna sem annast stoðþjónustu. | 1.3.2020 | Fjöl | Félagsmálastjóri | Þetta á að vera starfsfólks stuðningsþjónustu. |
| 14. FJÁRHAGSAÐSTOÐ, FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF OG HÚSNÆÐISMÁL | Lagt er til að starf félagsráðgjafa við fjárhagsaðstoð og félagslega ráðgjöf og húsumsjónarfulltrúa verði sameinað í eitt stöðugildi. | Komið í framkvæmd | Fjöl | Félagsmálastjóri | Verið er að vinna að endurskoðun reglna um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis, fara yfir allar umsóknir, nýjar og á biðlista, svara og kalla eftir gögnum. |
| 15. UMSÓKNIR UM FJÁRHAGSAÐSTOÐ | Lagt er til að athugað verði það fyrirkomulag að sótt verði um fjárhagsaðstoð rafrænt og unnið verði úr umsóknum rafrænt svo sem kostur er. | Í skoðun | Fjöl | Félagsmálastjóri | Tengist verkefnum um stafræna framþróun |
| 16. BARNAVERNDARMÁL | Lagt er til að skoðað verði að fjölga um allt að tvö stöðugildi í barnaverndarmálum frá því sem nú er. | 31.1.2020 | Fjöl | Félagsmálastjóri | Ráðningum er lokið bæði í 100% fast starf og í 100% tímabundið starf, beðið upplýsinga um það hvenær viðk. geta byrjað. |
| 17. BARNAVERNDARMÁL OG SÁLFRÆÐINGAR | Lagt er til að athugað verði hvort til greina komi að sálfræðingar sem starfa á fræðslu og menningarsviði komi að vinnslu barnaverndarmála. | Hafið | Fjöl | Félagsmálastjóri | Hafnar eru viðræður fjölskyldu og fræðslusviðs um að þróa samstarfs sviðanna frekar. |
| 21. STOÐÞJÓNUSTA OG MÁLEFNI ALDRAÐRA | Lagt er til að þrír stjórnendur, sem annast stoðþjónustu og máefni aldraðra og eru staðsettir í Ísafold, verði staðsettir á fjölskyldusviðinu í ráðhúsinu. Jafnframt verði fundin önnur not fyrir það húsnæði sem losnar í Ísafold við þessa breytingu, m.a. fyrir starfsmenn í stuðnings og stoðþjónustu. | Komið í framkvæmd | Fjöl | Félagsmálastjóri | Útfærsla þessa þáttar er með þeim hætti að SÞ er með fasta viðveru á bæjarskrifstofum  á mánudögum og fimmtudögum og er þá staðsett í opnu rými við inngang ((tæknideild). Aðrir starfsmenn stuðningsþjónustu eru staðsettir í Ísafold. |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03.2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 22. FRAMKVÆMDASTJÓRI ÖLDRUNAR- OG HEIMAÞJÓNUSTU | Lagt er til að starf framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu (forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu) verði tekið til endurskoðunar í þeim tilgangi að gera það skilvirkara með hliðsjón af þeim breytingum sem tengjast nýjum skilgreiningum samkvæmt nýrri löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga er varðar stuðnings- og stoðþjónustu. | 15.3.2020 | Fjöl | Félagsmálstjóri | Hafin er vinna við að skilgreina verkefni framkvæmdastjóra öldrunar- og heimaþjónustu m.a. á grundv. nýrrar löggjafar. |
| 23. VERKTAKA VEGNA STOÐÞJÓNUSTU | Lagt er til að fram fari ítarleg athugun á því hvort færi betur á því rekstrarlega að vera með meira jafnvægi á milli stoð- og stuðningsþjónustu í verktöku og því að veita þjónustuna með starfsmönnum sveitarfélagsins. | Hafið | Fjöl | Félagsmálstjóri | Þetta er í skoðun. Kallað hefur verið eftir umfangi stuðningsþjónustu á dagvinnutíma. Meiningin er að skoða möguleikann á því að við værum almennt með eigið starfsfólk í allri dagþjónustu en værum með aðkeypta kvöld- og helgarþjónustu. |
| 24. SAMÞYKKT REIKNINGA VEGNA STUÐNINGS- OG STOÐÞJÓNUSTU | Lagt er til að eftirlit og uppáskrift reikninga frá verktökum vegna stuðnings- og stoðþjónustu verði eflt. | Komið í framkvæmd | Fjöl | Félagsmálstjóri | Gengið hefur verið frá því að deildarstjórar í barnavernd/fjárhagsaðstoð, málefnum fatlaðs fólks og stuðnings- og stoðþjónustu beri ábyrgð á því að skrifa upp á alla sína reikninga. Þá hafa verið settir niður mánaðarlegir fastir fundir með þessum deildarstjórum til að fara yfir rekstrarstöðu. |
| 28. ÍBÚAR Í ÍBÚÐAKJARNA | Lagt er til að gætt verði að því að þjónustuþörf íbúa í íbúðakjarna/herbergjasambýli fari saman. | | Fjöl | Félagsmálastjóri | Verður aktúelt þegar nýr kjarni kemur. |
| 29. ENDURMAT Á ÞJÓNUSTUÞÖRF | Lagt er til að óskað verði formlega eftir endurmati á þjónustuþörf þeirra einstaklinga, þar sem munurinn á veittri þjónustu er mun meiri en núgildandi mat segir til um. | Komið að mestu. | Fjöl | Félagsmálstjóri | Vinnu lokið af hálfu starfsmanna Garðabæjar, einhverjar leiðréttingar eru komnar. Niðurstaða ekki komin í allt. |
| 30. REKSTRARKOSTNAÐUR SAMBÝLA | Lagt er til að kostnaður við rekstur sambýla hjá Garðabæ verði athugaður sérstaklega með hliðsjón af því hversu mikill kostnaðurinn er umfram þau framlög sem greidd eru frá Jöfnunarsjóði vegna þeirra. | | Fjöl | Félagsmálstjóri | Framlög koma með einstaklingum á grundvelli SIS-mats en ekki með sambýlunum sem slíkum því er mikilvægt að taka saman kostnað af allri þjónustu sem þessir einstaklingar eru að fá en ekki bara kostnað við sambýlin. 31.1. 2020 upplýs. Frá öðrum sveitarfél eru komnar, alls staðar er halli. |
| 19. LEIGUVERÐ Á FÉLAGSLEGUM LEIGUÍBÚÐUM | Lagt er til að leiguverð á félagslegum leiguíbúðum verði endurskoðað. | Í vinnslu | Fjöl og F&S | Fjármálastj/félagsmálastj | |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 20. ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR FÉLAGSLEGS HÚSNÆÐIS | Lagt er til að annar rekstrarkostnaður vegna rekstrar félagslegra leiguíbúða verði greindur og endurskoðaður. | Hafið. | Fjöl og F&S | Fjármálastj/félagsmálastj | |
| | | | | | |
| Uppfært 13.2. 2020/bs | | | | | |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026